

## Af unglíngum og jafnréttismálum 13 des 2016

Á skjá mínum birtust fyrir nokkrum mánuðum síðan dansandi unglíngstúlkur. Boðskapur listar þeirra var sá, að miklu erfiðara væri að vera stúlka, en piltur. Ætli kennarar þeirra í jafnréttismálum, hafi kynnt fyrir þeim eftirtaldar staðreyndir:

Líf karla styttra en kvenna. Margfalt meiri fjármunum er varið til heilsuefingar og heilbrigðisþjónustu kvenna en karla?

Miklu meiri fjármunum er varið til rannsókna á heilsufarsmeinum kvenna en karla.

Drengir standa lakar að vígi en stúlkur í skóla. Þeir eru oftast reknir úr skóla, eiga oftast í erfiðleikum með nám, hegðunarvandkvæði eru margfalt algengari, og þeir leggja síður stund á háskólanám.

Karlar verða miklu oftast fyrir vinnuslysum og fá vinnutengda sjúkdóma en konur og láta miklu oftast lífið við vinnu sína en konur gera.

Karlmenn fylla fangelsin. Mikill meirihluti drengja, sem hafa komist í kast við lögin, hafa ekki notið uppeldis feðra sinna.

Miklu fleiri börn búa börn hjá mæðrum sínum, eftir skilnað, en feðrum? Verulega hallar á feður í forsjárdeilum.

Miklu fleiri drengir og karlmenn svipta sig lífi, en stúlkur og konur. Sjálfsvíg eru einhelsta dauðorsök karlanna.

Piltar, brottreknir úr skóla, eru áberandi meðal þeirra, er falla fyrir eigin hendi. Sama á við um atvinnulausa karlmenn. Mikill meirihluti ungra karla í sjálfsvígshugleiðingum hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tæi. Karlar eru miklu líklegri en konur til að svipta sig lífi, þegar hallar undir fæti fjárhagslega.

Samkynhneigðir karlar verða miklu oftast fyrir aðkasti og ofsóknum, en samkynhneigðar konur.

Almennt eru karlar oftast fórnarlömb glæpa og ofbeldis. Þeir verða oftast heimilislausir. Þeir eru í meirihluta fíkniefnaneytenda.